



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
b.t. skrifstofu samgangna  
[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)  
**Sent á Samráðsgátt**

Reykjavík, 2. desember 2019

**Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, mál nr. 283/2019.**

Sögulega litlu fjármagni hefur verið veitt til samgöngukerfisins frá efnahagsáfallinu árið 2008 og nú er svo komið að viðhalds- og framkvæmdaþörf hleypur á hundruðum milljarða króna. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins „Innviðir – Ástand og framtíðarhorfur“ sem kom út í október 2017.<sup>1</sup>

Ástandið í samgönguinnviðum landsins er mikið áhyggjuefni fyrir íslenskt atvinnulíf enda skipta skilvirkar samgöngur sköpum fyrir framleiðniþróun í hagkerfinu. Ekki er unnt að bíða lengur með úrlausn vandans.

Í þessu ljósi fagna Samtök iðnaðarins þeirri viðleitni stjórnvalda að nýta framtak einkamarkaðar í meiri mæli við lausn samgönguvandans. Þannig er unnt að opna á fjárfestingu óháð stöðu ríkisfjármála hverju sinni og virkja kosti einkaframtaks m.t.t. nýsköpunar, kostnaðarlágmörkunar og sveigjanleika. Samtökin vilja þó gera athugasemdir við eftirfarandi:

- 1. Nota þarf alþjóðlega aðferðafræði við forgangsröðun:** Í skýrslu starfshóps um samvinnuleiðina lagði starfshópurinn til aðferð við forgangsröðun sem er nokkuð ólík þeirri sem tíðkast almennt í löndunum í kringum okkur. Sú aðferðafræði tryggir að fjármögnun leiti fyrst í þau verkefni sem helst auka framleiðni hagkerfisins og styðji þar með við efnahagslegan vöxt. OECD hefur gagnrýnt stjórnvöld fyrir að hafa ekki fest slíka arðsemisgreiningu í sessi enda er það í samræmi við grundvallarreglur OECD um stjórn opinberra fjármála. Með því móti er hugað að ábyrgri ráðstöfun fjármuna.
- 2. Jafnræði og samkeppnisleiðin:** Mikilvægt er að halda áfram að reka og viðhalda „núllkosti“ þ.e. þeirri leið milli áfangastaða sem notuð var fyrir opnun nýs PPP mannvirkis. Þannig er þess gætt að sá hluti almennings sem hefur lægri greiðsluvilja en sem nemur veggjöldum hafi valkost um aðra leið. Er þetta í samræmi við samkeppnissjónarmið á þessum markaði og með hagsmunum almennings að leiðarljósi.
- 3. Endurgreiðslur „lánsins“ og réttir hvatar:** Líta má á framkvæmd einkaaðilans sem lán til notenda mannvirkisins. Mikilvægt er að endurgreiðsluprófíllinn og þar með innheimta veggjalda miðist við ávöxtunarkröfu sem er sambærileg því sem tíðkast á markaði hverju sinni. Hafa verður þá eftirlit með kostnaðarlágmörkun á tíma verkefnisins m.a. með samningsskilmálum sem innihalda rétta hvata svo framkvæmdin fari ekki fram úr í stofn-og/eða rekstrarkostnaði. Það er helst gert með því móti að einkaaðili hafi hönnun, framkvæmd og rekstur á sinni könnu og og með hagfeldri áhættuskiptingu milli ríkis og einkaaðila.

<sup>1</sup> <https://www.si.is/innvidir-a-islandi/formali-og-samantekt/>



Að öðrum kosti er hætt við að kostnaður við verkefnið verði á endanum hærri en verkefni sem hljóta hreina opinbera fjármögnun. Finna má fjölmörg dæmi þess efnis í löndunum í kringum okkur.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins